

**Nd.**

**204. Nefndarálit**

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um þetta mál, og mun það helzt valda, að nefndinni hafa borizt bréf til mótmæla frá sandgræðslustjóra, hreppsnefnd Selvogshrepps og 23 kjósendum í hreppnum. Við undirritaðir viljum þrátt fyrir þessi mótmæli samþykka frumvarpið óbreytt. Byggjum við þá skoðun að nokkru á þeim röksemdum og skýringum, sem fram hafa komið gegn framangreindum mótmælum, en þó fyrst og fremst á þeim rökum, sem fram komu í greinargerð flutningsmanns, sem er nákunnugur maður og fulltrúi þess héraðs, sem hlut á að máli. Virðist það augljóst mál, að mjög langt hefur verið gengið í þá átt að rýra land hlutaðeigandi bónda umfram gerða samninga og að því er virðist langt umfram þörf. Frumvarpið er heimild til ríkisstjórnarinnar, sem við teljum á engan hátt hættulegt að veita, þótt hún verði notuð afdráttarlaust, sem við ætlumst til.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Jón Pálmason,      Pétur Ottesen.  
fundaskr., frsm.